

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1531
komudagur 25.4.2005

Reykjavík 25. apríl 2005

Samgöngunefnd Alþingis


Efni: Umsögn Rannsóknarnefndar flugslysa um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005 – 2008, 721. mál.

Rannsóknarnefnd flugslysa gerir engar athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005 – 2008. Áætlunin er lögðu fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004 – 2008, 721. mál.

Rannsóknarnefnd flugslysa vill nota tækifærið og lýsa ánægju yfir auknu vægi flugöryggismála í áætluninni. Eins og kemur fram í flugmálaáætluninni verður hlutverk flugöryggissviðs Flugmálastjórnar Íslands aukið í samræmi við aukna starfsemi. Þessi aukning á starfseminni er meðal annars vegna ört vaxandi flugrekstrar hér á landi. Í þessu sambandi er rétt að minna á mikilvægi þess að fjárheimildir rannsóknarnefndar flugslysa vaxi samhliða þessari þróun en ekkert er fjallað um starfsemi nefndarinnar í áætluninni.

Virðingarfyllt,

Rannsóknarnefnd flugslysa



Þormóður Þormóðsson
forstöðumaður/rannsóknastjóri

